

**Nd.**

## **91. Nefndarálit**

um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið allýtarlega og einnig þau bréf og önnur gögn viðvikjandi málinu, er fyrir nefndinni hafa legið. Nefndin er sammála um, að ákvæði þau, er frv. felur í sér, séu sjálfsgöð og réttmæt í framtíðinni gagnvart þeim mönnum, sem hér eftir koma inn í þessar starfsgreinar, en vill þó gera við frv. þessar

### **BREYTINGARTILLÖGUR:**

1. Fyrsti másl. 2. gr. orðist svo:

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

2. Fyrsti másl. 4. gr. orðist svo:

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi við tekniskan framhaldsskóla í þeirri iðngrein, er hann vill kenna sig við, enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af Verkfræðingafélagi Íslands.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í þessari gr., eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfið samkvæmt 5. gr.

Hinsvegar gat nefndin ekki orðið sammála um rétt þeirra manna, sem nú eru starfandi í þessum greinum og hafa nú þegar tekið sér þessi umræddu heiti (verkfræðingur, húsameistari, iðnfræðingur), og mun því hvor nefndarhluti skila sérstökum breytingartillögum.

Alþingi, 9. marz 1937.

Páll Zóphóniasson,      Emil Jónsson,      Bjarni Ásgeirsson.  
form.                      fundaskr., frsm.  
Sigurður Kristjánsson.      Guðbr. Ísberg.